



Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Anna Lilja Ragnarsdóttir
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

17. maí 2018
1805028 HBH

Efni: Skeiðvellir. Umsögn vegna rekstrarleyfis

Umsögn vegna rekstrarleyfis

Efni: Beiðni um umsögn barst frá Sýslumanninum á Suðurlandi þ. 16.5.2018 sl. vegna umsóknar Katrínar Sigurðadóttur fyrir hönd Ice-Events ehf um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund "C", á gististað sínum á Skeiðvöllum, Rangárþingi ytra


Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið, enda séu aðeins leigð út þau herbergi eða rými sem samþykkt eru skv. teikningum. Í þessu tilfelli matshluti 05 innan svæðis.

Vakin er athygli á að umsækjandi er ekki eigandi húsnæðisins skv. Fasteignaskrá Íslands. Ekki er því tekin afstaða til eignarhalds með þessari umsögn.

Litið er svo á að um heilsárs notkun sé að ræða og verður gjaldflokkur fasteignagjalda uppfærður miðað við þá notkun. Viðkomandi fasteign verður því uppfærð í skattflokk C og hlutfallsleg álagning fasteignagjalda leiðrétt sem því nemur.

Áréttað er að neysluvatn á staðnum þarf að uppfylla kröfur um gæði vatns skv. reglugerð nr. 536/2001 m.s.br.

Virðingarfyllst,


Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi